

Ársskýrsla Rótarinnar 2016

Rótin - félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda

Kt. 500513-0470

Vefsíða: www.rotin.is

Facebook: www.facebook.com/rotin.felag

Netfang: rotin@rotin.is

Höfundur: Kristín I. Pálsdóttir

Efnisyfirlit

Ávarp talskonu	2
Ráð Róttarinnar	2
Starfsemin á árinu	2
Umræðukvöld	2
Viðburðir og heimsóknir	3
Erindi	3
Verkefni	3
Styrkir	4
Greinar og fréttir	4
Áherslur og baráttumál	6
Valdeflandi meðferð og gæðaviðmið	7
Skráning atvika	7
Hagsmunir barna og ungmenna	8

Ávarp talskonu

Þá er lokið þriðja starfsári Róttarinnar. Hápunkturinn á liðnu starfsári var ráðstefna um konur, fíkn, áföll og meðferð sem haldin var 1.-2. september á Grand hóteli í Reykjavík í samstarfi Róttarinnar, rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands, Jafnréttisstofu og fleiri aðila. Um 240 manns mættu á ráðstefnuna, þar af fjöldi fagfólks úr meðferðar- og heilbrigðiskerfinu, og var það samdóma álit að hún hefði verið mjög vel heppnuð í alla staði.

Umræðukvöldin hafa svo haldið áfram að vera kjölfestan í starfi félagsins, þau hafa þó verið heldur færri í vetur þar sem mikil orka fór í ráðstefnuna. Ráðskonur hafa skrifað greinar og sent erindi til yfirvalda. Síðast en ekki síst höfum við fengið vel þegnar viðurkenningar og styrki á árinu.

Umræðukvöldin hafa reynst mikilvægur vettvangur til að ræða saman og fræðast um ýmsar hliðar fíknivanda kvenna og tengd málefni. Við höfum fengið til okkar mikinn fjölda sérfræðinga sem allir hafa gefið okkur sína vinnu og margir þeirra eru ómetanlegur stuðningur við félagið, veita okkur ráðgjöf og annan stuðning.

Það sem mér er efst í huga í lok þessa starfsárs er hversu lítil svör og viðbrögð við fáum frá opinberum aðilum og tel að framundan sé áttak hjá félaginu í því að fylgja eftir fyrirspurnum og kalla eftir skýrari afstöðu opinberra aðila.

F.h. ráðs Róttarinnar,



Ráð Róttarinnar

Níu konur voru kosnar í ráð á aðalfundi 2015 og þrjár í vararáð. Ráðið 2015-2016 var skipað þannig: Árdís Þórðardóttir, Brynhildur Jensdóttir, Guðrún Ebba Ólafsdóttir, Gunnhildur Bragadóttir, Gunný Ísis Magnúsdóttir, Hildur Þórðardóttir, Katrín Guðný Alfreðsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir og Þórlaug Sveinsdóttir.

Vararáð: Edda Arinbjarnardóttir, Guðrún Kristjánsdóttir og Lís Kristjánsdóttir.

Ráðið skipti svo með sér verkum og var Kristín I. Pálsdóttir valin í talskonuhlutverk, og er hún jafnframt ritari, en Árdís Þórðardóttir gjaldkeri.

Ráð félagsins hittist að jafnaði einu sinni í mánuði.

Í dag eru 300 konur skráðar í félagið og eru á póstlista og 1924 fylgja Róttinni á [Facebook](#).

Starfsemin á árinu

Umræðukvöld

Félagið hefur fylgt fast eftir því markmiði að halda úti öflugri umræðu um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda. Við höfum, eins og á síðasta ári, notið velvilja húsráðenda á Hallveigarstöðum þar sem við höfum fengið inni endurgjaldslaust fyrir umræðukvöldin okkar og erum mjög þakklátar fyrir þann stuðning.

Umræðukvöldin á árinu hafa verið heldur færri en á fyrra ári, tvö fyrir jóla og fjögur eftir jóla en það helgast meðal annars af því að mikill kraftur fór í ráðstefnuhaldið.

Umræðukvöldin á árinu voru eftirfarandi:

2015

- √ [1.-2. september heldur Róttin ráðstefnu um konur, fíkn, áföll og meðferð](#) á Grand hóteli í Reykjavík. Allar frekari upplýsingar eru á heimasíðu RIKK – Rannsóknarstofnunar í jafnréttisfræði.
- √ 11. nóvember – Svala Jóhannesdóttir verkefnisstjóri hjá Rauða krossinum – [Skaðaminnkandi hugmyndafræði](#).
- √ 16. desember – [Jólakvöld Róttarinnar](#).

2016

- √ 24. febrúar – Nanna Lárusdóttir, sagnfræðingur – „[Í þarfir bindindisins](#)“ – Góðtemplarareglan á Íslandi. Orðræðan og áhrifin.
- √ 30. mars – Svala Ísfeld Ólafsdóttir, dósent í lögfræði við Háskólann í Reykjavík – [Dómar í nauðgunarmálum](#).
- √ 27. apríl – Katín Alfreðsdóttir, félagsráðgjafi og nemi í fjölskyldumeðferð – „Heimililausar konur og hugmyndafræði Skaðaminnkandi nálgunar“.
- √ 11. Maí – [Aðalfundur](#) – Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor í guðfræðilegri siðfræði við háskóla Íslands heldur erindi.

Viðburðir og heimsóknir

- √ Árdís, Guðrún Ebba og Kristín mættu á fund **starfshóps heilbrigðisráðherra um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum og hliðarverkunum vímuefnaneyslu, til aðstoðar og verndar neytendum efnanna og félagslegum réttindum þeirra, aðstandendum þeirra og samfélaginu** í heild hinn **20. febrúar 2015**. Framlag okkar til vinnu hópsins má finna [á vef Róttarinnar](#).
- √ **Jafnréttisstofa**, í samstarfi við Alþýðusamband Íslands og önnur frjáls félagasamtök, boðaði til vinnufundar í tilefni af tuttugu ára afmæli Peking áætlunarinnar og mætti talskona á hann **21. febrúar 2015**.

Erindi

Róttin hefur sent frá sér nokkur erindi til yfirvalda á starfsárinu:

- √ [Erindi sent til SÁÁ og beðið um tölfraði um afbrotamenn á Vogu](#). **20. september 2015**. [Svar barst þar sem SÁÁ neita að afhenda upplýsingarnar](#). **19. október 2015**.
- √ [Erindi til Barnaverndarstofu](#) varðandi meðferð ungmenna. **30. júní 2015**. Svar barst 13. október 2015: 151013_BVS_Svar_164247809.
- √ [Erindi til aðila innan Háskóla Íslands](#) vegna náms í áfengis- og vímuefnafræðum. **27. maí 2015**.

Verkefni

Róttin hefur áhuga á að koma að verkefnum sem bæta stöðu kvenna með fíknivanda og eru þrjú verkefni í gangi:

- √ **Ráðstefna um konur, fíkn, áföll og meðferð** var haldin 1.-2. september á Grand hóteli í samstarfi við RIKK – Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum við HÍ (<https://rikk.hi.is>), Jafnréttisstofu (<http://jafnretti.is>), Rannsóknarstofnun um áfengi og vímuefni við

Stokkholmsháskóla (<http://www.sorad.su.se/english>), Heilbrigðisráðuneyti Grænlands, Rannsóknarstofnun um samfélag, efnahag og fjölmiðlun við Háskólann á Grænlandi, Reykjavíkurborg og ReykjavíkúAkademíuna.

Tilgangur ráðstefnunnar er að auka skilning og þekkingu á kynjafræðilegu sjónarhorni á fíkn, áföll og meðferð og á nauðsyn kynjamiðaðrar meðferðar.

Fyrirlesarar á ráðstefnunni voru m.a.

- **Dr. Stephanie S. Covington** er starfandi sálfræðingur, rithöfundur, ráðgjafi opinberra aðila og stofnana og fyrirlesari. Hún er frumkvöðull í rannsóknum og meðferð kvenna að því er varðar fíkn og bata frá henni.
 - **Dr. Berglind Guðmundsdóttir** er dósent í sálfræði við Læknadeild Háskóla Íslands og yfirsálfræðingur Landspítala – Háskólasjúkrahúsi. Berglind sérhæfði sig í kvíðaröskunum og áhrifum áfalla. Berglind er virkur þátttakandi í rannsóknum og alþjóðlegri rannsóknarsamvinnu.
 - **Dr. Johan Edman** er dósent í sögu og gegnir stöðu forstöðumanns við Rannsóknarstofnun um félagslegar rannsóknir um áfengi og fíkniefni við Stokkholmsháskóla. Rannsóknir Johans hafa snúist um félagslega útskýfun og jaðarsetningu og hlutverk fíknimeðferðar í sænska velferðarríkinu.
 - **MarieKathrine Poppel** er MA í félagsráðgjöf og aðjúkt við félagsráðgjafadeild háskólans á Grænlandi í Nuuk. MarieKathrine beinir rannsóknum sínum að heimilisofbeldi – ofbeldi karla gegn konum, kynferði og jafnrétti.
- ✓ Útgáfa bæklinga með leiðbeiningum um hvernig best er að umgangast fjölmiðla þegar áföll dýnja yfir. Áætluð útkoma bæklinga er í byrjun júní.

Styrkir

Á síðasta starfsári fékk Róttin eftirfarandi styrki og viðurkenningar:

- ✓ Hinn 19. júní var úthlutað úr samfélagssjóði Virðingar og Guðrún Ebba og Katrín Guðný, ráðskonur, mættu fyrir hönd Róttarinnar til að taka á móti styrk vegna ráðstefnu um konur, fíkn, áföll og meðferð. <http://www.virding.is/2015/06/23/uthlutun-ur-samfelagssjodum-virdingar-2015/>
- ✓ „[Þessi fengu réttlætisviðurkenningu Stígamóta](#)“ segir í DV **21. nóvember** þar sem kemur fram að Róttinni er veitt viðurkenning.
- ✓ Þann 16. maí 2015 var Róttinni veittur [styrkur frá mannréttindaráði Reykjavíkur](#) að upphæð 250.000 kr. vegna ráðstefnu um konur, fíkn, áföll og meðferð.
- ✓ Róttin var [tilnefnd til aðalverðlauna Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins](#) sem afhent voru fimmtudaginn, 19.mars 2014. Stígamót hlutu svo verðlaunin og eiga þau svo sannarlega skilið!
- ✓ [Natan Kolbeinsson hjóp fyrir Róttina í Reykjavíkumaraþoni](#) hinn 23. ágúst 2014 og safnaði áheitum fyrir Róttina. Við kunnum honum bestu þakkir fyrir stuðninginn.
- ✓ „[Tveir fengu styrk](#)“. Frétt á vefsíðu Minningarsjóðs Sigrúnar Mjallar, **22. desember 2014**, sem veitti Róttinni 200.000 kr. styrk sem skal notaður í þágu ungra kvenna með fíknivanda.

Greinar og fréttir

Greinar eftir okkur Róttarkonur hafa birst í fjölmiðlum og við höfum farið í viðtöl til að kynna málstaðinn. Greinarnar má flestar nálgast á heimasíðu félagsins þó að þær hafi flestar birst í öðrum miðlum upphaflega. Við höldum líka úti lifandi Facebook-síðu þar sem við setjum inn áhugavert efni sem tengist okkar málefnum og erum með 1500 fylgjendur þar:

Greinar

- √ [Hugarfarsbreyting og bylting](#). Grein í Morgunblaðinu **18. september 2015**.
- √ „[Aldrei of seint að vinna með áföll](#)“, viðtal við Berglindi Guðmundsdóttur vegna ráðstefnu um konur og fíkn. Morgunblaðið, **27. ágúst 2015**.
- √ „[Fíknivandi kvenna og meðferð við honum](#)“. Grein eftir Kristínu I. Pálsdóttur í 44. Árg. tímarit Geðverndarfélagi Íslands. **Janúar 2016**.

Rótin í fréttum

- √ „[Átti að fyrirgefa ofbeldið af því að hann var í AA](#)“. Umfjöllun um AA-samtökin og rætt við talskonu Rótarinnar. **Stundin 6. júní 2015**.

Viðtöl

- √ [Viðtal við Kristínu I. Pálsdóttur, talskonu Rótarinnar, um ráðstefnu um konur og fíkn](#). Mannlegi þátturinn á Rás 1. Magnús R. Einarsson. **24. júní 2015**.
- √ [Viðtal við Kristínu I. Pálsdóttur og Þórlaugu Ágústsdóttur](#) um ástand meðferðarmála. Ísland í dag, Stöð 2. **29. október 2015**.
- √ [Viðtal við Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur og Kristínu I. Pálsdóttur](#) í Morgunútvarpi RÚV, um játningakúltúrinn. **3. nóvember 2015**.
- √ [Viðtal við Kristínu I. Pálsdóttur um grein hennar í tímariti Geðverndar](#). Mannlegi þátturinn Rás 1. **2. febrúar 2016**.
- √ [Viðtal við Kristínu I. Pálsdóttur](#) í Morgunútvarpi RÚV, um ummæli Óttars Guðmundssonar, geðlæknis. **3. maí 2016**.

Annað

<http://www.rotin.is/rotin-og-raduneytisskolinn/>

<http://www.visir.is/gefa-ut-baekling-fyrir-brotathola-/article/2015150829660>

<http://www.dv.is/frettir/2015/10/28/thorlaug-efast-um-heilindi-saa/>

<http://www.visir.is/formadur-saa--athugasemdir-og-addrottarnir-gudrunar-ebbu-gengu-of-langt/article/2014141019624>

<http://www.visir.is/formadur-saa-segir-talskonu-rotarinnar-syna-mikilmennsku-og-fordoma/article/2015150609958>

http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/10/26/ekki_satt_vid_svar_landlaeknis/

<https://www.virding.is/2015/06/23/uthlutun-ur-samfelagssjodum-virdingar-2015/>

<http://reykjavik.is/sites/default/files/styrkthegar.pdf>

2016

<http://stundin.is/frett/mer-lidur-eins-og-eg-se-ad-drepa-barnid-mitt/>

<https://www.dv.is/frettir/2016/1/21/vill-opinbera-rannsokn-bangsadeild-saa/>

<http://www.dv.is/frettir/2016/1/21/hvernig-ma-thad-vera-ad-stelpa-sem-er-bangsadeild-vogi-geti-ordid-olett-i-afeitrun/>

<http://stundin.is/frett/mer-lidur-eins-og-eg-se-ad-drepa-barnid-mitt/>

<https://www.velferdarraduneyti.is/media/frettir2016/Velferdarstyrkir-2016-a-svidi-felagsmala.pdf>

<http://www.visir.is/assets/pdf/XZ210752.PDF>

Fréttatíminn 31. http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageld=6212330

<http://www.ruv.is/frett/missir-ekki-mannrettindi-vid-afengisneyslu>

<http://www.visir.is/fikn-og-afoll-haldast-oft-i-hendur/article/2015705299981>

<http://www.visir.is/formadur-saa-segir-talskonu-rotarinnar-syna-mikilmennsku-og-fordoma/article/2015150609958>

<http://www.rotin.is/spurningar-til-neydarlinunnar/>

<http://www.rotin.is/tolfraedi-um-afbrotamenn-a-vogi/>

<http://kvenrettindafelag.is/2015/hatidardagskra-19-juni-2015/>

<http://www.visir.is/ottar-gedlaeknir-fundadi-med-gagnryndum-sinum-i-rotinni/article/2016160509389>

Áherslur og baráttumál

Róttin var stofnuð sem vettvangur fyrir konur til að þrýsta á um bættu þekkingu á fíknivanda og meðferð við honum. Ástæðan var ekki síst sú staðreynd að mjög hátt hlutfall kvenna, sem glíma við þennan vanda, hefur verið beitt ofbeldi, orðið fyrir áföllum eða á við geðrænan vanda að stríða samhliða fíkninni. Við teljum nauðsynlegt að komið verði á fót greiningarmiðstöð þar sem vandi einstaklinga er greindur á heildstæðan hátt svo hægt sé að haga meðferðinni í samræmi við þarfir hvers og eins. Hluti af því er að bjóða upp á sérstaka kynjaskipta meðferð. Róttin hefur áhyggjur af því að stærsti meðferðaraðilinn hér á landi hafni kenningum um áhrif áfalla og annarra raskana á þróun fíknivanda.¹

Rannsóknir á áhrifum áfalla á heilsufar hafa á undanförunum árum haft mikil áhrif á þekkingu á fíkn. Aukin þekking á á þróun fíknar í tengslum við ofbeldis- og áfallasögu og tölur um fjölda þeirra sem koma til meðferðar og eiga sér sögu um að hafa verið beittir ofbeldi er líka hrópanði vísbending um þessi tengsl. Þessi þekking hefur grafið undan heimsyfirráðum sjúkdómismóðelsins um fíkn sem ekki stendur á sterkum fræðilegum grunni og er ekki það skýringarmódel sem Alþjóðaheilbrigðis-málastofnunin notast við.

Róttin hallast mjög að skýringum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um ástæður fíknivanda. Stofnunin skýrir vanlíðan kvenna sem leiðast út í neyslu ávanabindandi efna með sálfélagslegum rökum og tengslum á milli heilbrigðisvanda kvenna og „kynhlutverka, streitvalda og neikvæðra upplifana og atvika“. Kynbundnir áhættuþættir geðraskana sem algengar eru hjá konum eru samkvæmt AHS: „kynbundið ofbeldi, óhagstæð félagsleg skilyrði, lágar tekjur og tekjumisrétti, undirskipun í félagslegu tilliti og stéttarstöðu og stöðug ábyrgð á umönnun annarra.“

„Hvernig á þá að skilja fíkn? Við erum líkamlegar verur sem hrærumst í tilteknu félagslegu umhverfi sem er flókið. Skilningur á fíkn verður að vera breiður; fíkn getur verið möguleg afleiðing mannlegrar löngunar til að breyta meðvitund; alvarlegur heilsufarsvandi vegna þeirra neikvæðu áhrifa sem hún hefur á samfélagið og eyðileggjandi afleiðinga fíknarinnar; krónísk lífsálfélagsleg röskun sem tekur sig endurtekið upp og ekki er hægt að skilja án hins félagslega samhengis – en ekki einfaldlega heilasjúkdómur.“

¹ Sjá t.d. greinar á Knúz.is eftir Kristínu I. Pálsdóttur talskonu Rótarinnar og Höllu Sverrisdóttur, Harkaðu af þér! I og II. Vefslóðir: <http://knuz.is/2013/11/21/harkadu-af-ther-fyrri-hluti/> og <http://knuz.is/2013/11/22/harkadu-af-ther-seinni-hluti/>.

Svo segir í grein í American Journal of Bioethics Neuroscience í júlí 2013 þar sem farið er yfir helstu gagnrýni á kenninguna um fíkn sem heilasjúkdóm, „Addiction: Current Criticism of the Brain Disease Paradigm“. Það að fíkn sé heilasjúkdómur er nefnilega umdeild kenning en ekki staðreynd. Enginn efast um að langvarandi neysla fíkniefna valdi sjúkdómum en það skiptir máli við meðferð hvort fíknivandi er skoðaður sem meðfæddur vandi eða flókinn lífsálfélagsleg röskun – eins og segir í tilvitnuninni hér að ofan.

Valdeflandi meðferð og gæðaviðmið

Lykilhugtakið í okkar starfi er valdefling og ekki að ástæðulausu. Meðferð þarf að taka mið af fjölþættum vanda og sögu kvenna. Það þarf að hlusta á þær og taka mark á orðum þeirra. Hefðbundin meðferð sem ekki tekur þetta til greina getur aukið á vanda kvenna (e. *retraumatisation*). Það er þyngra en tárur taki hve margar konur hafa ekki fundið leið til bata með þeim aðferðum sem nú eru í boði og allt of margar ekki séð aðra leið en að svipta sig lífi.

Meðferð sem gerir ráð fyrir því að sjúklingurinn horfi þröngum augum á fíknina án þess að skoða heildarmyndina, þar sem ætlast er til að hann gefi frá sér allt persónulegt vald og setji allt sitt traust á æðri mátt, hvort sem það er guð, hópurinn eða lækurinn, er ekki í samræmi við ferskustu strauma innan heilbrigðisvísindanna þar sem valdeflingu sjúklinga er gert hátt undir höfði.

Brýnt er að sérstök greiningar- og innlagnarmiðstöð sé sett á laggirnar og sjái um greiningu þeirra sem glíma við m.a. við fíknivanda. Val á úrræði taki þá einungis til þarfa hins sjúka en ekki til hagsmuna rekstraraðila eins og hætta er á eins og unnið er nú.

Það hlýtur líka að vera markmið að grípa fyrr inni ferlið og aukin þekking og skimun á neysluvanda í heilsugæslunni er ein leið. Þar væri einnig hægt að taka á vanda þeirra sem stefna í vanda en þurfa ekki á miklu inngrípi að halda.

Setja ætti fram gæðamiðvið fyrir meðferð og víða er fyrirmynda að leita hvað það varðar t.d. hafa heilbrigðisfyrirvöld í Kanada gert ítarlegar leiðbeiningar fyrir meðferð kvenna.² Bandarísk heilbrigðisfyrirvöld eru með leiðbeiningar um meðferð sem byggir á gagnreyndri þekkingu³, og um áfallameðvitaðar (e. *trauma informed*) aðferðir í fíknimeðferð fyrir konur.⁴

Talsvert ber enn á því innan meðferðarkerfisins að byggt sé á kreddum og trúarsetningum en ekki á vísindalegum grunni. Það hlýtur að vera krafa ríkisins að þau meðferðarúrræði sem það styrkir byggji á gagnreyndri þekkingu. Fíknivandi er flókinn vandi sem enn er takmörkuð þekking á og því gengur ekki að festa sig í lítt breytanlegum kennisetningum.

Undirstaða góðrar meðferðar hlýtur að vera menntun og reynsla þeirra sem vinna við meðferð. Róttin hefur lýst áhyggjum af því að áfengis- og vímuefnaráðgjafar sem enga akademíska menntun hafa beri jafn mikla ábyrgð á meðferð og raun ber vitni. Höfum við sent velferðarráðherra erindi af þessu tilefni og skrifað um það greinar.⁵

Skráning atvika

² Ministry of Health and Long Term Care, Kanada. „Best practices in Action: Guidelines and Criteria for Women’s Substance Abuse Treatment Services.“ Vefslóð. <http://jeantweed.com/wp-content/themes/JTC/pdfs/Best%20Practice-English.pdf>.

³ National Quality Forum. 2005. Evidence-Based Treatment Practices for Substance Use Disorders. Vefslóð: <http://www.apa.org/divisions/div50/doc/Evidence-Based-Treatment-Practices-for-Substance-Use-Disorders.pdf>.

⁴ The Jean Tweed Center. 2013. Trauma Matters Guidelines for Trauma-Informed Practices in Women’s Substance Use Services. Vefslóð: <http://jeantweed.com/wp-content/themes/JTC/pdfs/Trauma%20Matters%20Online%20version%20August%202013.pdf>.

⁵ Róttin – félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda. 2014. „Menntun áfengis- og vímuefnaráðgjafa.“ Vefslóð: <http://www.rotin.is/menntun-afengis-og-vimuefnaradgjafa>. Sjá einnig: „Staðreyndir um menntun áfengis- og fíkniráðgjafa“, vefslóð: <http://www.visir.is/stadreyndir-um-menntun-afengis-og-fikniradgjafa/article/2014702149991> og „Reynsla eða þekking? Fleiri staðreyndir um ráðgjafanám“, vefslóð: <http://www.visir.is/article/2014703289995e>.

Róttin hefur sóst eftir upplýsingum um gæðamál á meðferðarstöðvum hjá Embætti landlæknis en ekki fengið fullnægjandi svör. Því brugðum við á það ráð að kæra til úrskurðarnefndar um upplýsingamál og bíðum svars erindis okkar þar.

Ástæða þess að Róttin er að grafast fyrir um fjölda atvika á meðferðarstöðum er sú að við höfum áhyggjur af gæðaefirliti þar. Ef það er rétt að fá atvik séu skráð og engar kvartanir hafi borist, eins og kemur fram í svari Embættis landlæknis, er það ekki í samræmi við okkar upplýsingar og gefur þá ástæðu til að ætla að um vanskráningu sé að ræða.

Til okkar leita reglulega konur sem telja sig hafa orðið fyrir ‚atvikum‘ inni í meðferðarkerfinu. Við bendum þeim alltaf á að best sé að leita með slík mál til landlæknis. Margir þeirra sem þurfa mest á þjónustu meðferðarstöðva að halda treysta sér því miður ekki oft til að hefja slíkt ferli.

Tilgangur okkar er einnig að komast að því hvað er flokkað sem atvik inni á meðferðarstöðvum. Er það t.d. atvik þegar fólki er vísað úr meðferð? Hver er helsta ástæða brottvísana úr meðferð? Eru ákveðnar reglur þar að lútandi? Er það atvik þegar sjúklingar verða fyrir áreiti annarra sjúklinga í meðferðinni og hvernig er það skráð?

Hagsmunir barna og ungmenna

Róttin hefur áhyggjur af því að börn séu send til meðferðar á Vogu þar sem samgangur er við fullorðna og því beindum við eftirfarandi spurningu til umboðsmanns barna: Í lögum nr. 74 frá árinu 1997 um réttindi sjúklinga segir í 27. gr: „Umhverfi og aðbúnaður sjúkra barna á heilbrigðisstofnunum skal hæfa aldri þeirra, þroska og ástandi.“ Því spyrjum við, að gefnu tilefni, er það álit umboðsmanns barna að aðbúnaður barna á Sjúkrahúsinu Vogu uppfylli þessi skilyrði laganna?

Svar umboðsmanns var því miður á þá lund að embættið hefði ekki áhyggjur af börnum í meðferð innan um fullorðna.

Samband áfalla og vímuefnaneyslu hefur á síðari árum orðið ljósara og talið er að unglingar sem fara út í neyslu hafi í allt að 76% tilfella⁶ orðið fyrir áfalli og allt að 95%⁷ séu með annan undirliggjandi vanda sem stuðli að því að þau hefji neyslu. Þá er nauðsynlegt að meðferð unglunga byggist á nýjustu þekkingu en hún lítur öðrum lögmálum en meðferð fullorðinna, 12 spora nálgun hentar ungmennum t.d. ekki vel og er reyndar almennt ofmetin.

Við ljúkum þessu með því að vitna í orð Jeffrey Foote⁸ sem er doktor í sálfræði og mikilsvirtur fíknisérfræðingur í Bandaríkjunum um ástand starfsmannamála í meðferðargeiranum:

„In few other fields do we place some of the most difficult and complicated patients in the health-care system with some of the least trained folk among us.“⁹

⁶ The National Child Traumatic Stress Network. 2008. „Understanding the Links Between Adolescent Trauma and Substance Abuse.“ Vefslóð: http://www.nctsn.org/nctsn_assets/pdfs/SAToolkit_ProviderGuide.pdf.

⁷ Fletcher, Anne M. 2013. *Inside Rehab. The Surprising Truth About Addiction Treatment and How to Get Help That Works*. Penguin Books, New York.

⁸ „Dr. Foote is a nationally recognized clinical research scientist who has received extensive federal grant funding for his work on motivational treatment approaches. Dr. Foote has worked in the addiction treatment field as a clinician and researcher since the late 1980's, and has developed a unique motivational treatment approach that incorporates principles of group treatment as well as research-based principles of human behavior change. Previously, Dr. Foote was the Deputy Director of the Division of Alcohol Treatment and Research at Mt. Sinai Medical Center in NYC, as well as a Senior Research Associate at The National Center on Addiction and Substance Abuse at Columbia University (CASA) in NYC. Dr. Foote also served as Chief of the Smithers Addiction Treatment and Research Center as well as Director of Evaluation and Research between 1994 and 2001. Dr. Foote was also team Psychologist for the New York Mets.“ Vefslóð: <http://motivationandchange.com/about-cmc/directors/>.

⁹ Fletcher, Anne M. 2013. *Inside Rehab. The Surprising Truth About Addiction Treatment and How to Get Help That Works*. Penguin Books, New York, bls. 390.